

Nr. 6/1906:

Jóhannes V. H. Sveinsson
 gegn
 Einari Markússyni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði stefndi Einar kaupmaður Markússon í Ólafsvík fyrir gestarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu gegn áfrýjandanum Jóhannesi V. H. Sveinssyni skipstjóra á Kirkjufelli til að fá hann dæmdan til að greiða sér skuld, er hann taldi sig eiga hjá honum út af kaupum á skipi og útgerð þess í félagi, og út af verzlunarviðskiftum, að upphæð alls 2223 kr. 78 a., og var málið dæmt í nefndum rétti 16. okt. 1905 þannig, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda alla hina umstefndu skuld ásamt 6⁰/₁₀ vöxtum af henni frá stefnudegi til borgunardags, og 10 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 3. febr. þ. á., og hefir hann krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði algjörlega úr gildi feldur og áfrýjandi sýknaður af kröfum stefnda fyrir undirrétti, en til vara, að allar kröfur áfrýjanda fyrir yfirdómi verði teknar til greina þannig, að skuldajöfnuður verði gjörður og áfrýjandi þann veg sýknaður. Svo krefst hann og málskostnaðar hjá stefnda fyrir báðum réttum. Stefndi hefir á hinn bóginn krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur í málskostnað eftir mati réttarins.

Af skuldakröfu stefnda á hendur áfrýjanda, sem honum var dæmd með hinum áfrýjaða dómi, eru 1075 kr. $\frac{1}{4}$ hluti af kaupverði þilskips, »Ane Mathilde«, er þeir málsaðilar og 2 menn aðrir keyptu í sameiningu

árið 1902 fyrir 4300 kr., 675 kr. 57 a. eru $\frac{1}{4}$ af reikningshalla, er stefndi hefir talið að orðið hafi á útgerð sama skips árin 1902, 1903 og 1904, og afgangurinn af dómkröfunni, 473 kr. 21 e. er verzlunarskuld áfryjanda sjálfs við verzlun stefnda.

Af kaupverði skipsins, sem eins og áður er sagt, var 4300 kr., hefir áfryjandi að visu eigi greitt neitt að sínum hluta, en stefndi hefir heldur ekki sýnt skilríki fyrir því, þótt áfryjandi hafi krafist þess, að hann hafi borgað meira af skipsverðinu en 2000 kr. og auk þess vexti 67 kr. 34 a., og verður áfryjandi því eigi að svo stöddu gegn mótmælum hans skyldaður til að greiða stefnda meira en $\frac{1}{4}$ af þeim upphæðum báðum, eða 516 kr. 83 a.

Viðvíkjandi hallanum á útgerð skipsins hefir áfryjandi haldið því fram, að hann hafi litið svo á og ekki vitað betur, en að stefndi hefði gjört skipið út að öllu leyti á eigin kostnað og þá átt að svara leigu fyrir skipið, en hann (áfryjandi) hafi aldrei samþykkt að fela stefnda að gjöra skipið út á sinn (áfryjanda) kostnað eða þeirra meðeigendanna. Með því að þessari neitun áfryjanda hefir eigi verið hnekt af stefnda hálfu, en orðalagið í samningi milli stefnda og áfryjanda um ráðningu síðarnefnda sem skipstjóra á skipinu virðist styrkja heldur sögusögn áfryjanda í þessu efni, verður að taka til greina mótmæli áfryjanda gegn því að honum beri skylda til að greiða stefnda hinn umkrafða $\frac{1}{4}$ hluta af reikningshalla skipsins fyrgreind ár.

Áfryjandi hefir að visu fyrir gestaréttinum fundið ýmislegt að verzlunarskuldakröfu stefnda á hendur honum sjálfum, 473 kr. 21 e., en þau mótmæli voru í

flestum greinum svo óljós og óákveðin, að eigi var unt að byggja dóm á þeim, enda voru mörg atriðin í þeim mótmælum svo, að þeim varð eigi komið fram nema með gagnsóknarmáli, sem þó eigi var höfðað. Af bakreikningi áfrýjanda fyrir undirréttinum, er hann svo kallar, virðist þó mega skoða sem aðfinslur, sem stefndi hafi eigi mótmælt nægilega eða hnekt, og eigi því að takast til greina, þessar: kr. 30,00 (oftalin skuld 1./1. '04) og kr. 3,60 + 20 kr. (oftalin úttekt) samtals 53 kr. 60 a., og ber þá að draga þær upphæðir frá kröfu stefnda, sem færist við það niður í 419 kr. 61 e.

Samkvæmt framansögðu ber því að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 516,83 + kr. 419, 61 e. = kr. 936,44 ásamt 6% vöxtum af upphæð þessari frá stefnudegi til borgunardags. Málskostnaður fyrir báðum dómum virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

Umboðsmaður áfrýjanda fyrir yfirdóminum hefir í sókn sinni haft þau orð um framkomu stefnda í málsókn þessari, að hann kæmi með »uppdiktaðar« upphæðir í reikningum sínum, kröfur hans væru »forsmán« og reikningar »ósvífur«. Þessi óviðurkvæmilegu ummæli ber eftir kröfu stefnda að dæma dauð og ómerk.

Því dæmist rétt vera;

Áfrýjandinn Jóhannes V. H. Sveinsson greiði stefnda kaupmanni Einari Markússyni 936 kr. 44 a. ásamt 6% vöxtum af upphæð þessari frá stefnudegi 15. apríl 1905 til borgunardags. Framan-

greind ummæli í sóknarskjali áfryjanda fyrir yfir-
dómi eiga að vera dauð og ómerk. Málskostnaður
fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna
frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 5. nóvembermánaðar.

Nr. 34/1906:

Sveinn Jónsson

gegn

Birni Símonarsyni og

Kristjáni B. Guðmundssyni.

D ó m u r :

Hinn 1. maí þ. á. gjörðu aðilar máls þessa kaup-
samning um jörðina Vatnsenda í Seltjarnarnesshreppi
og búþening nokkurn, sem átti að fylgja jörðinni í
kaupinu. Var áfryjandinn Sveinn Jónsson seljandi, en
hinir stefndu Björn Símonarson og Kristján B. Guð-
mundsson kaupendur í félagi. Skadabætur voru lagðar
við, 3000 kr. á hvora hlið, ef samningur væri rofinn.
En hinn 24. maímán. s. á. lýstu kaupendurnir því yfir
með skriflegu skjali, að með því að seljandinn Sveinn
Jónsson hefði rofið samninginn, þá segðu þeir sig að
öllu leyti leysta frá skyldum sínum eftir honum, og
segjast þeir þar með endurnýja yfirlýsingu í þessa
átt, er þeir hafi þegar gjört 14. s. m. Hinir stefndu,
kaupendurnir, höfðu og þegar 22. s. m. höfðu að mál